Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið

Reykjavík, 10. desember 2019
2019100007
2.6.3

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

***Viðhaldsstyrkir félaga vegna ársins 2020 - til kynningar.***

Í samstarfssamningi milli Reykjavíkurborgar og ÍBR frá 14. desember 2016 segir m.a,: í 11. gr.: Sækja skal fyrirfram um styrkveitingu til ÍTR vegna meiriháttar viðhalds- og endurbótaverkefna í íþróttamannvirkjum í eigu félaganna. Styrkveitingar til slíkra verkefna eru ætíð háðar því að þær rúmist innan fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar. Skipuð skal úthlutunarnefnd með einum fulltrúa ÍTR, einum fulltrúa ÍBR og einum fulltrúa sviðs eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnd SEA) sem skulu fara yfir umsóknir um styrki vegna viðhalds skv. 11. gr. Skulu þeir leggja mat á hvort um meiriháttar viðhald sé að ræða og gera tillögur um úthlutun hvers árs til íþrótta- og tómstundaráðs og borgarráðs.

Fulltrúar ÍTR, ÍBR og USK hafa farið yfir fyrirliggjandi erindi frá íþróttafélögum og gert tilllögur til menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs um úthlutun vegna ársins 2020.
Gera skal samning við viðkomandi félög um styrkveitinguna.

Á fundi menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs 9. desember 2019 voru tillögurnar sbr. fsk. samþykktar.

Ómar Einarsson.

ÍTR
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

# Umsóknir íþrótta- og æskulýðsfélaga vegna viðhaldsmála 2020

| Félag | Verkefni | Kostnaðaráætlun | Úthlutað 2020 |
|---|---|---|---|
| Skvassfélag Reykjavíkur | Viðhald á íþróttamannvirki Skvassfélagsins við Stórhöfða Utanhússviðgerð í sameign 2.9 mkr. 33% Innanhúsviðgerðir 2.2 mkr. | 5.100.000 | 5.100.000 |
| Tennis- og badmintonfélag R | Endurnýjun á færanlegum badmintonvöllur vegna stórmóta, RIG o.fl. | 3.300.000 | 3.300.000 |
| Ármann | Viðgerð á skíðaskála vegna lekaskemmda. Kostnaður 9.8 mkr. Sótt um 7.0 mkr. | 9.800.000 | 7.000.000 |
| Fylkir | Vegna viðhalds. Íþróttahús 14.8 mkr. Gamla hús 6.8 mkr. Annað 2.0 mkr. Gólfþvottavél 5.2 mkr. **A** | 28.800.000 | 7.600.000 |
| Íþróttafélag fatlaðra | Vegna endurnýjunar á gólfi í Íþróttahúsi | 13.000.000 | 10.000.000 |
| Knattspyrnufélagið Fram | Viðgerð á þaki íþróttahúss o.fl. | 10.000.000 | 7.000.000 |
| Knattspyrnufélagið Víkingur | Viðgerð á bardagasal 10.4, Tímatökubúnaði í sal 2.2, klæðningar á norðurvegg 15.0, búningsklefar 10.0. **B** | 37.600.000 | 6.500.000 |
| Taflfélag Reykjavíkur | Endurgerð á þaki | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Knattspyrnufélag Reykjavíkur | Viðhald á íþróttahúsi og útisvæðum **C** | 36.500.000 | 9.500.000 |
| ÍR | Viðgerð á félagsheimili og búningsklefum | 6.500.000 | 4.500.000 |
| Skíðagöngufélagið Ullur | Vegna aðstöðu í Bláfjöllum | 1.500.000 | 1.200.000 |

Fjárveiting 2020 60.0 mkr.

A Forgangsröðun 10.8 mkr.
B Forgangsröðun 12.9 mkr.
C Forgangsröðun 15.2 mkr.